



Fundargerð 296.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 8. apríl 2025 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Sverre Jakobsson og Þróstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Torfunefsbyggja.

Lagt fram erindi frá Listasafni Akureyrar um styrk vegna skoðunar á útilistaverkum á Akureyri og mögulegan flutning á listaverki á nýhannað hafnarsvæðið á Torfunefsbyggju. Stjórn HN samþykkir 2 mkr styrk.

Mánudaginn 7. apríl s.l. voru opnuð tilboð í verkið Þjónustuhús á Torfunefsbyggju. Aðeins eitt tilboð barst í verkið en það var frá Húsheild ehf. Verið er að yfirfara tilboðið og stefnt að því að ganga til viðræðna við lægstbjóðanda í kjölfarið. Útboðsgögn vegna sölu byggingaréttar á Torfunefsbyggju eru tilbúin. Stefnt er að því að bjóða út byggingaréttinn strax eftir páska.

2. Dysnes.

Vegna umhverfismats hafnarframkvæmda verður nauðsynlegt að gera ýmsar rannsóknir á vordögum og fyrri part sumars. Samið hefur verið við Rorum sem sinnir ráðgjöf í rannsóknum og umhverfismálum um flest verkin ásamt Köfunarþjónustunni. Helstu verkefni eru að kanna efnissamsetningu og magn á fyllingarefni innan við fyrirhugað stálþil og eru sýni tekin á hluta Hörgárgrunns og Laufásgrunns. Jafnframt þarf að sinna botndýrarrannsóknum, gróðurskoðun, fjöruvist og skoða vatnshlot.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.00